

Nýjungin í þessum sönötum var að hljóðfærin tvö voru jafnmikilvæg og skiptust á um aðalröddina. Fimm þessara sónatna eru aðeins í tveimur köflum, en það eru talin vera áhrif frá Johann Christian Bach (sonar Johanns Sebastian), læriföður Mozarts frá æsku í London, því hann skrifaði eingöngu tveggja kafla sönötur. Sé hlustað á sönöturnar í þeirri röð sem hann samdi þær má heyra hvernig Mozart þroskaðist og formið varð frjálsara.

Sónata 17 var skrifuð á einum degi fyrir unga dóttur leigusalans í Mannheim sem var nemandi hans, en tileinkuð Josepha Barbara Auernhammer. *Andante Sostenuto* kaflinn er óður til Johanns Christian Bach því þar er laglínun tekinn næstum nótu fyrir nótu úr aríu hans, en í miðju kaflans fer nemandinn fram úr læriföður sínum með hugmyndaríkum hljómganginum.

Sönötur 18, 19 og 20 voru allar samdar í mars 1778 og tileinkaðar Maríu Elisabeth, kjörfurstafrú af Palatinate og eru oft nefndar Palatínötusönöturnar.

Sónata 22 var samin í Mannheim á svipuðum tíma og hinar fyrri. Í fyrsta kaflanum má heyra eina þá fjörlegustu laglínu sem Mozart skrifaði fyrir þessa hljóðfæraskipan.

Sónata 21 er einstök. Hann lauk við að semja hana eftir að móðir hans lést í París 3. júlí 1778. Hún er í e moll og hljómar allt annað en einfalt samtál tveggja hljóðfæra. Hún vísar veginn fram til dramatískra tónverka Beethovens.

Sónata 23 er einfaldlega frábær konsertsónata þar sem Mozart reynir að gleyma að hann er að skrifa fyrir áhugahljóðfæraleikara - hún er björt hljómmikil og hugmyndarík.

Hlíf Sigurjónsdóttir
fiðla

Joshua Pierce
píanó



Hinir undraverðu tónlistarhæfileikar Mozarts komu í ljós strax í barnæsku. Faðir hans, sem lék á fiðlu í hljómsveit erkibiskupsins í Salzburg, áttaði sig á möguleikum þessa undrabarns og gerði allt sem í hans valdi stóð til að kynna hann og auka virðingu hans og frama. Stóran hluta bernskunnar eyddi Mozart því á ferðalögum með foreldrum sínum vítt og breitt um Evrópu og lék fyrir kirkjuhöfðingja og hirðir hertoga og konunga, framan af með Nönnu systur sinni, en síðar einn.

Þann 23. september 1777, á tuttugasta og öðru aldursári, hélt hann til Mannheim og þaðan til Parísar (14. mars 1778), og var móðir hans með honum. Þetta var í fyrsta sinn sem hann var ekki undir sterku áhrifavaldi föður síns. Í þessum borgum voru bestu hljómsveitir í Evrópu á þeim tíma og vonaðist hann til að ferð þessi veitti honum frægð og vel launaða stöðu. Honum varð ekki að ósk sinni, margt gekk honum í óhag, og í París veiktist móðir hans og lést 3. júlí það ár. Í ársbyrjun 1779 hélt hann heim og tók - hálfnaðugur - við stöðu organista við hirð erkibiskupsins í Salzburg, stöðu sem faðir hans hafði útvegað honum.

Mozart samdi sjö tónverk fyrir píanó og fiðlu í þessari ferð og voru þau allt annars eðlis en fyrri slík verk hans sem töldust frekar vera „stúdíu“ sönötur fyrir píanó með undirleik fiðlu. Þær eru nefndar einu nafni *Mannheim sönötur* og hafa verið taldar fyrstu „fullorðins“ verk hans af þessu tagi. Kveikjan að þessari breytingu er talin hafa verið sex sönötur fyrir sembal eða píanó og fiðlu eftir Schuster sem hann eignaðist í München á leið sinni til Mannheim. Í bréfi til systur sinnar segir Mozart meðal annars: „Ég sendi þér 6 dúetta fyrir píanó-/semlal og fiðlu eftir Schuster sem ég hef spilað hér. Þeir eru ekki sem verstir [sem var heilmikið lof af hálfu Mozarts] . . . Ef ég dvel hér áfram mun ég einnig semja sex svona sönötur - í sama stíl, því þetta er mjög vinsælt hér.“

Wolfgang Amadeus Mozart

1756 – 1791

Sónata nr. 17 í C dúr (K 296) *Mannheim, 11. mars 1778*

Allegro Vivace
Andante Sostenuto
Rondeau Allegro

Sónata nr. 18 í G dúr (K 301) *Mannheim, mars 1778*

Allegro con Spirito
Allegro

Sónata nr. 20 í C dúr (K 303) *Mannheim, mars 1778*

Adagio - Molto Allegro - Adagio - Molto Allegro
Tempo di Menuetto

Sónata nr. 19 í Es dúr (K 302) *Mannheim, mars 1778*

Allegro
Rondeau Andante Grazioso

Hlíf Sigurjónsdóttir er fædd í Kaupmannahöfn en ólst upp í Reykjavík. Hún nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík og fór síðar til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaskólann í Banff. Einnig nam hún hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York borg. Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum tuttugustu aldarinnar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Rucciero Ricci og Igor Oistrach.

Hlíf hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníuhljómsveitum og kammersveitum víða um Evrópu, í Bandaríkjunum og Kanada. Hún hefur frumflutt mörg tónverk sem samin hafa verið sérstaklega fyrir hana og árið 2008 kom út tvöfaldur geisladiskur með leik hennar á öllum þremur sönötum og þremur partitum eftir Johann Sebastian Bach. Síðastliðinn vetur lék hún röð 6 einleikstónleika í kirkjum Suður-Þingeyjarsýslu til að minnast 150 ára fiðluleiks í sýslunni.

Joshua Pierce ólst upp í New York borg og nam við Juilliard Tónlistarskólann og síðar Tónlistarháskólann í Cleveland, Ohio. Aðal-kennari var Dorothy Taubman, en hann sótti einnig tíma hjá Bernard Greenhouse, Joseph Seiger og Artur Balsam. Hann hefur komið fram sem einleikari í helstu tónleikasölum heims meðal annars með Royal Philharmonic, London Philharmonia, Rússnesku sinfóníuhljómsveitinni, Moskvu Fílharmóníusveitinni, Sinfóníuhljómsveit útvarpsins í Berlín og Sinfóníuhljómsveit tékkneska útvarpsins. Hann hefur hljóðritað um 200 tónverk fyrir útgáfur á borð við EMI Classics, Koch International Classics, MMC, MSR Classics, Pro Arts, Sony Classics og Vox.

Um tuttugu ára skeið vann hann náið með tónskáldinu John Cage og hljóðritaði píanóverk hans, m.a. fyrir Wergo útgáfuna í Þýskalandi sem hann hlaut mikið lof fyrir. Hann hefur á þriðja áratug leikið í píanódúói með Dorothy Jonas, m.a. fyrir bresku konungsfjölskylduna. Joshua hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir leik sinn, þar á meðal Preis der Deutschen Schallplattenkritik, og verið tilnefndur til Grammy verðlauna.

Hlíf Sigurjónsdóttir was born in Denmark, of a Danish mother and Icelandic father, and grew up in Iceland. Upon graduation from the Reykjavík College of Music, she furthered her violin studies at the Universities of Indiana and Toronto where her teachers were Franco Gulli and Lorand Fenyves, and the Banff School of Fine Arts. Later she took private lessons in New York from the renowned violinist and teacher Gerald Beal.

She has been fortunate over time, to work with many of the leading musicians of the twentieth century, including William Primrose, Janos Starker, Rucciero Ricci, Igor Oistrach, György Sebök

and the members of the Hungarian quartet. Hlíf has given numerous concerts both as a soloist and with various ensembles and orchestras. A critically acclaimed 2-CD set of her playing the Sonatas and Partitas for solo violin by J.S. Bach was released in 2008. Last winter she gave a series of six solo-concerts in churches in North Iceland as a tribute to 150 years of violin playing in that district.

Grammy nominated pianist **Joshua Pierce** has performed in prestigious music centers throughout the world as a soloist and with an extraordinary array of orchestras including The Royal Philharmonic, Symphony Orchestra of Russia, Moscow State Philharmonic, Berlin Radio Symphony Orchestra, and the Czech Radio Symphony Orchestra. He has recorded more than 200 works including numerous world premieres as a soloist and with orchestra for EMI Classics, Carlton Classics, Helicon, Koch International Classics, MMC, MSR Classics, Pro Arts, Sony Classics, Vox and other labels.

His landmark series of recordings of John Cage's music on the Wergo label has earned him tremendous acclaim worldwide. His 30-year collaboration with the pianist Dorothy Jonas, as part of the two-piano team, Pierce & Jonas, has resulted in numerous acclaimed recordings and performances, including a command performance with the Philharmonia for England's Royal Family. Highly regarded as a chamber music collaborator, Mr. Pierce studied with the cellists Bernard Greenhouse of the Beaux Arts Trio and Jascha Silberstein, formerly of the Metropolitan Opera Orchestra as well as with the pianists Artur Balsam and Joseph Zeiger. He has performed with Russia's Leontovich String Quartet, the Pierce-Aomori Clarinet & Piano Duo, Chamber Players International and with violinist Julianne Klopotic and Misha Vitenson, cellist Jeffrey Solow and Lawrence Zoernig.

Mr. Pierce has been a judge for many piano competitions and has served on the Board of the International Fulbright Foundation. He is a winner of the German Music Critics Prize, Fono Forum award, Diapason Award, Grand Prize of the IBLA International Competition for Contemporary Music and a nominee for the 23rd International Franz Liszt Grand Prix du Disque Prize of Hungary. In 2012, Mr. Pierce received two PSC-CUNY Research Award Grants as well as a major award from the Aaron Copland Fund For Music, Inc. He has performed at most of the major concert venues and series in New York City, including Alice Tully Hall, Symphony Space, Steinway Hall, Carnegie Hall, Merkin Hall, Bruno Walter Auditorium at Lincoln Center, Roulette, The Kitchen, The Knitting Factory and Weill Recital Hall. He has performed at the Music Mountain Chamber Music Festival, CT as well as at the Phillips Collection, Washington DC.